

	Flutt	
3. Fyrir brauð og vín	3	75
4. — hirðing kirkju og skrúða	2	50
5. Í sjóði hjá fjárhaldsmanni í fardögum 1888	131	36
	<u>884</u>	<u>95</u>

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 29 marz 1889.

J. Havsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Örum & Wulffs 1888.

		Kr.	a.
Tekjur:			
1. Eign sjóðsins 1. janúar 1888.			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar dags. 8. júní 1887 Litr.			
A. fol. 92	kr. 4000,00		
b. Í peningum	— 74,95	4074	95
2. Leigur af innstæðu sjóðsins 3 ¹ / ₂ % frá 1 ¹ / ₆ 87 til 1 ¹ / ₆ 88		140	00
		<u>Samtals:</u>	<u>4214 95</u>
Gjöld:			
1. Styrkur veittur Marteini Bjarnarsyni frá Vestari-Krókum		150	00
2. Í sjóði við árslok 1888:			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar dags. 8. júní 1887. Ltr.			
A. fol. 92	kr. 4000,00		
h. Í peningum	— 64,95	4064	95
		<u>Samtals:</u>	<u>4214 95</u>

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 8. janúar 1889.

J. Havsteen.

P. Guðjohnsen.

Fiskiveiðasamykkt.

61

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefur samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um 29. marz. ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886, um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

SAMÞYKKT

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á Skagafirði.

1. gr.

Á tímabilinu frá miðju aprílmánaðar til júnímánaðarloka ár hvert má enginn eiga lóðir í sjó frá miðjum morgni á laugardögum til hádegis á mánudögum fyrir utan línu, sem hugsast dregin frá Reykjadiski sjónhendingu í Kögur á Þórðarhöfða.

2. gr.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti, á hvaða tíma árs sem er; heldur ekki má kasta beitunni í sjóinn, þá upp er stökkað, fyrir utan línu þá, sem nefnd er í 1. gr.

3. gr.

Enginn má hafa nýja síld til beitu á lóðir fyrir utan línu þá, sem nefnd er í